

stefnandi farið að mælast til þess að mega selja hús stefnda, en ávallt hafi því verið synjað. Loks hefur stefndi eindregið mótmælt því, að hann hafi boðið stefnanda nokkurt fé, eftir að húsið var selt.

Gegn andmælum stefnda, sem nú hafa að mestu verið rakin, þykir ekki unnt að telja stefnanda hafa fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að stefndi hafi falið honum sölu hússins, og ekki er heldur unnt að telja nægilegar líkur fram komnar fyrir skýrslu stefnanda um þetta atriði, að heimild sé fyrir hendi til að láta úrslit málsins velta á fyllingareyði hans, en sú krafa var borin fram við munnlegan flutning málsins.

Verður því eigi talið, að stefnandi hafi fært sönnur á rétt sinn til að krefjast launa úr hendi stefnda þrátt fyrir þá staðreynd, að stefnandi hefur komið á sambandi með stefnda og manni þeim, er keypti húsið. Ber því að taka til greina sýknukröfu stefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Guðmundsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Jóns Magnússonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. febrúar 1949.

Nr. 59/1947. **H/f Sæfell** (Sigurður Ólason)

gegn

Guðjóni Vigfússyni (Egill Sigurgeirsson).

Um uppsögn á ráðningarsamningi skipstjóra.

Setudómari Einar Arnalds borgardómari
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1947. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í

málinu og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi sagði stefnda upp skipstjórn hinn 28. febrúar 1946, og skyldi uppsögnin koma til framkvæmda í lok maí-mánaðar s. á. Stefndi kom með skipið frá Englandi í byrjun júnímánaðar, og fór hann áfram með skipstjórn, þar til er annar skipstjóri tók við skipinu hinn 28. s. m. Eigi er í ljós leitt, að svo hafi samizt með aðiljum eða að stefndi hafi mátt líta svo á, að hann ætti að fara með skipstjórn einungis tiltekinn tíma frá lokum uppsagnarfrests samkvæmt fyrrgreindri uppsögn 28. febrúar 1946. Samkvæmt þessu á stefndi rétt til bóta úr hendi áfrýjanda, vegna þess að hann var látinn víkja úr stöðu sinni án lögmæltis uppsagnarfrests hinn 28. júní 1946. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 800.00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Sæfell, greiði stefnda, Guðjóni Vigfússyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 4. júní 1947.

Með stefnu, út gefinni 9. okt. f. á., birtri 12. s. m., höfðaði Guðjón Vigfússon, skipstjóri hér í bæ, mál á hendur framkvæmdastjóra h/f Sæfells, Guðlaugi Gíslasyni, vegna Sæfells h/f hér, og var málið þingfest í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja 16. okt. f. á.

Gerði stefnandi samkvæmt stefnunni kröfur sem hér segir:

1. á skipstjórahlut, kr. 17.000.00, þar sem stefnanda, Guðjóni Vigfússyni, hefði verið ólöglega og fyrirvaralaust vikið úr skiprúmi á e/s Sæfelli síðastliðið sumar;
2. óuppgerðum launum og hlunnindum samkvæmt texta Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, kr. 11.000.00;

3. óuppperðu fæði, orlofi og aukabóknun vinnuformanna, greiddu eftir beiðni framkvæmdastjóra, kr. 3000.00.

Samtals kr. 31.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1946 að telja til greiðsludags.

Stefndi mótmælti kröfum stefnanda og krafðist sýknu í málinu og sér tilðæmdan málskostnað.

Undir rekstri málsins komu báðir aðiljar fram með ósk um, að sakarefninu yrði skipt þannig að flytja nú fyrst þann þátt, hvort stefndi sé skaðabótaskyldur, og að dómur gangi fyrst um það, hvort h/f Sæfell hafi bakað sér skaðabótaskyldu með því að láta ekki stefnanda máls þessa, Guðjón Vigfússon, vera áfram skipstjóra á e/s Sæfelli, en aðrir þættir málsins hvíli á meðan.

Ákvað dómurinn samkvæmt framkominni beiðni aðilja, eins og að fram-
an segir, að sakarefninu skyldi skipt, sbr. lög nr. 85 frá 1936, 71. gr., þannig að að svo stöddu megi sækja og verja ákveðinn hluta sakarefnisins, og gangi dómur um það, hvort af frávikningu Guðjóns Vigfússonar af e/s Sæfelli leiði skaðabótaskyldu á hendur h/f Sæfelli, og hvíli hin atriðin á meðan. Hafa málsaðiljar hér skipzt á sókn og vörn í málinu, að því er þennan lið sakarefnisins varðar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Stefnanda máls þessa, Guðjóni Vigfússyni, skipstjóra á e/s Sæfelli, eign h/f Sæfells, var með skriflegri uppsögn, dags. 28. febr. 1946, sagt upp skipstjórastarfinu á e/s Sæfelli, V.E. 30, með 3 mánaða fyrirvara frá 31. maí 1946 að telja.

Guðjón Vigfússon var staddur með skipið Sæfell í flutningum með ísfisk í Grimsby í Englandi í maímánuði 1946, er hann fékk símskeyti frá h/f Sæfelli, þar sem segir, „að ákveðið ketilskoðun, botnhreinsun og viðgerð spili fari fram Reykjavík“ Símskeyti dags. 21. maí 1946.

E/s Sæfell kom til Vestmannaeyja úr þessari ferð um mánaðamótin maí—júní s. á., fór síðan til Reykjavíkur um 14. júní, og fór Guðjón Vigfússon með skipið sem skipstjóri áfram þessa ferð. Kom skipið til Vestmannaeyja aftur frá Reykjavík 24. júní s. á.

Nýr skipstjóri kom á skipið 28. júní og tók við skipstjórastarfinu, átti að stunda síldveiðar. Fór Guðjón Vigfússon þá af skipinu og mótmælti skriflega með bréfi, dags. 28. júní s. á., brottvikningunni sem ólöglegri og krafðist þriggja mánaða uppsagnarfyrirvara frá þeim degi að telja með fullum launum og öllum hlunnindum.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að Guðjón Vigfússon hafi unnið sér 3 mánaða uppsagnarfyrirvara, og mótmælti með öllu launakröfum hans og hlunninda fyrir þennan tíma.

Heldur stefndi fast við hina bréflegu uppsögn frá 28. febr. 1946 sem gildandi og tjáir hana fram komna, með því að augljóst hafi verið, að svo gæti farið, að stöðva þyrfti rekstur e/s Sæfells og yfirmönnum skipsins því sagt upp. Segir stefndi áframhaldandi rekstur skipsins hafi elgi verið af-
ráðinn fyrr en með ráðningu nýs skipstjóra til að vera með skipið á þá í

hönd farandi sildarvertið, og hafi hann verið ráðinn, meðan skipið var í Reykjavík, og það hafi eigi verið fyrr en í júní 1946, sem stjórn h/f Sæfells hafi falið framkvæmdastjóra félagsins að athuga, hvort fánlegur væri skipstjóri vanur sildveiðum á skipið, enda hafi verið talið, að hinn upphaflegi starfstími Guðjóns Vigfússonar sem skipstjóra á e/s Sæfelli væri á enda.

Skipið var áður notað til flutninga, en nú átti að fara að stunda á því fiskveiðar, sildveiðar, og enda auðsætt, þar sem hér væri um eitt stærsta skip flotans að ræða, að nauðsynlegt væri að fá vanan sildveiðimann sem skipstjóra, en Guðjón Vigfússon hefði eigi fengizt við sildveiðar síðan 1925 og þá sem háseti.

Þá segir stefndi enn fremur, að grundvallað traust til að fara með skipið áfram hafi eigi getað vaknað hjá Guðjóni m. a. vegna þess, að eftir því sem honum var sagt í Englandi, mundi eigi fást undanþága til að sigla skipinu lengur en til 31. maí nema með stórviðgerð. Guðjón hafi einungis verið beðinn að fara með skipið milli hafna til viðgerðar, og hafi þetta engan veginn getað skapað honum rétt til að halda stöðu sinni áfram, enda hafi Guðjón skilið skeytið frá 21. maí 1946 sem beiðni til hans um að fara umgetna ferð og hér hafi eigi verið um áframhaldandi samning að ræða, þar sem heldur ekkert hafi verið talað um flutning eða aðra notkun skipsins. Umsögn stefnanda um, að framkvæmdastjóri h/f Sæfells hafi sagt við hann, er stefnandi kom hingað úr Englandsferðinni um mánaðamótin maí og júní f. á., að hann yrði áfram með skipið, er mótmælt af stefnda sem rangri. Hefur stefndi krafizt þess hér fyrir réttinum, að ef rétturinn líti svo á, að sönnunarbyrðin varðandi fullyrðingar stefnanda um ráðningu hans hvíldi eigi á stefnanda sjálfum, þá verði framkvæmdastjóra h/f Sæfells eða þá stjórnendum félagsins dæmd heimild til þess með eiði sínum að synja fyrir ráðninguna og úrslitin um skaðabótaskylduna þannig látin velta á eiði þeirra.

Stefnandi málsins, Guðjón Vigfússon, hefur hér fyrir réttinum haldið fast við það, að ástæðan fyrir uppsögninni til hans í bréfinu 28. febr., er miðuð var við 31. maí 1946, sbr. það, er að ofan segir, hafi verið sú, að e/s Sæfell myndi alveg hætta rekstri þá að vertíð lokinni, enda þetta tekið fram í bréfinu til hans.

Heldur hann því fram, að seinna hafi verið fallið frá þessu og ákveðið, að skipið færi á sildveiðar. Hafi hann þá eigi getað álitíð annað í þessu efni en uppsögnin til hans væri fallin úr gildi, úr því að þessu væri þannig hátað, og hafi hann því eigi gert sér neitt far um að leita sér atvinnu annars staðar, tjáir, að sér hafi af stefnda verið lofað lífstíðaratvinnu hér í Eyjum, hér hafi hann byggt hús nýlega, og er e/s Sæfell hafi komið úr Englandsferðinni um mánaðamótin maí og júní, eins og áður segir, hafi verið ákveðið, að það skyldi fara til Reykjavíkur, og hafi þetta og verið í samræmi við það, er á undan var gengið, og talið sjálfsagt, að hann færi með skipið þessa ferð. Segir stefnandi og, að á þessu tímabili hafi stefndur sagt honum, að hann yrði látinn fara með skipið á sild, að viðbættu, eins

og stefnandi skýrir frá, að oft hafi verið talað um það, eftir að skipið e/s Sæfell kom heim, eins og oft er áður getið, um mánaðamótin maí og júní, að skipið færi á sildveiðar, og talað um, að Guðjón væri með skipið sem skipstjóri og honum fenginn nótabassi á skipið, og hafi verið viðstaddir þessar umræður ýmist einn eða fleiri af stjórnendum h/f Sæfells.

Þessu hafa stjórnendurnir neitað með öllu. Eitt vitni hefur borið það í málinu, að á vorinu 1946 hafi Guðjón Vigfússon skipstjóri átt tal við sig um borð í e/s Sæfelli, er þá lá við bryggju í Vestmannaeyjum, og sagt vitninu, að til orða hefði komið, að vitnið yrði nótabassi og Guðjón Vigfússon skipstjóri á e/s Sæfelli á sildarvertíð þeirri, er þá fór í hönd. Annað vitni hefur borið, að um mánaðamótin maí og júní sl. ár, eftir að e/s Sæfell kom úr Englandsferðinni, hafi það átt tal við forstjóra h/f Sæfells, er hafi farið þess á leit við vitnið, að það yrði áfram á skipinu, ef það yrði gert út á sildveiðar á þá komandi sildarvertíð, og segir vitnið enn fremur, að forstjórinn hafi samtímis tekið fram, að skipið færi á sildveiðar, ef skipstjóri vanur sildveiðum fengist á skipið.

Eins og sjá má hér að framan, eru ýmis atriði máls þessa miður upplýst, og skortir lögformlegar sannanir, svo að sums staðar stendur staðhæfing gegn staðhæfingu, og þótt að visu rétt mætti teljast, að h/f Sæfell hefði eigi ætlað að gera e/s Sæfell út á sildveiðar umgetna sildarvertíð nema með tilteknum skilyrðum eða með öðrum orðum undir vissum kringumstæðum, sbr. það, sem að ofan greinir, verður þó eigi gegn eindreginni neitun stefnanda, er tjáir, að hann hafi af fram komnum athöfnum gagnvart sér hlotið að álykta, að þessu væri öðruvísi farið, og með hliðsjón af ýmsum aðgerðum varðandi málið, er eigi eru véfengdar, unnt að láta greinargerð stefnda verða afgerandi fyrir málið og þá eigi heldur gefa honum rétt til að fá mál þetta útkljáð með eiði af hálfu framkvæmdastjóra eða stjórnarmeðlima h/f Sæfells.

Við athugun á þeim aðgerðum eða athöfnum, er stefnandi hefur lýst undir rekstri málsins, er fram við hann hafi komið og hann hefur einkum fært fram til stuðnings málskröfum sínum, eins og lýst hefur verið hér að framan, ber á það að lita fyrst og fremst, hvort þessar athafnir eða staðreyndir eru þannig vaxnar, eins og þær koma fyrir, að þær hafi getað vakið með réttu grundvallað traust hjá stefnanda máls þessa, um að hann ætti að vera áfram skipstjóri á e/s Sæfelli þrátt fyrir áður gengna uppsögn og áætlað samningaslit frá 31. maí 1946 að telja. Virðist sem þá komi einkum til greina, hvað leggja má í það, að stefnandi var látinn vera með e/s Sæfell áfram sem skipstjóri, eftir að samningi hans við h/f Sæfell átti að vera slitið, ef haldið hefði verið sér að uppsögninni sjálfri, án þess þó að upplýst sé raunverulega, hver tilgangurinn hafi verið með þessu, og hefst þá jafnframt spurning um, hverra sannanna hefði átt að krefjast eftir eðli málsins og einnig varðandi ábyrgðina á því, að eigi voru tryggðar beinar sannanir varðandi málið, sem hefði verið hægt að fá gert, svo sem að samfara nefndum aðgerðum hefðu farið vottfastir gerningar, er þegar hefðu skorið úr, hvaða þýðingu með eða móti téðar aðgerðir höfðu,

sem í sjálfu sér og skoðaðar hver í sambandi og framhaldi við aðra gátu, ef eigi var annað tekið fram, vakið víst traust og von hjá stefnanda um áframhaldandi skipstjórnarstöðu á skipi því, er hann var skipstjóri á.

Verður rétturinn að vera stefnanda máls þessa sammála um það, að staðreyndir þær, er fyrir eru í málinu, svo sem símskeytið, borið saman við upphafsorðalag og innihald uppsagnarinnar frá 28. febr., en umrætt keyti meðtók stefnandi í Grimsby, dags. 21. maí f. á., eða nokkru áður en ráðningarsamningi hans sem skipstjóra átti að vera slitið, — hafi verið til þess fallnar að vekja hjá stefnanda það traust, eins og hann hefur stöðugt undir rekstri málsins haldið fram og eigi hefur verið hnekkkt, að hann ætti að vera skipstjóri áfram með endurnýjuðum rekstri e/s Sæfells, og þótt raunverulega stórviðgerð færi eigi fram, þurfti það eigi að skipta svo mjög máli, úr því að skipið skyldi samt gert út.

Stefnandi fer síðan með skipið eins og að sjálfsögðu til Reykjavíkur, án þess að gert væri upp, hálfum mánuði eftir heimkomuna úr Englandsferðinni, og án þess að lögformlega sé upplýst gegn einberri neitun stefnanda, að honum hafi verið settur fyrirvari með þessa ferð, og kemur þá hér til álita ákvæði 1. gr. sjómannalaga, nr. 41 frá 1930, og virðist sem undanfelling lögformlegrar samningagerðar geti að minnsta kosti undir vissum kringumstæðum og með hliðsjón af öðrum málsatriðum aflað útgerðinni ábyrgðar og orðið málstað mótaðilja til styrktar, ef ekki beint, þá óbeint, ef ágreiningur rís, svo sem í þessu tilfelli, er stefnandi fór áfram með Sæfellið, og að minnsta kosti hefði slíkur samningur, ef gerður hefði verið vottfastur, efalaust getað tekið af öll tvímæli um, að hverju væri stefnt í þessu efni, og því fremur ástæða til þess, er búast mátti við, eftir því er á undan var gengið, að stefnandi reiknaði með áframhaldandi skipstjórn einnig á sildveiðunum.

Rétturinn ályktar því með tilvísun til þess, er að ofan er skráð, að taka beri til greina staðhæfingu stefnanda í máli þessu, Guðjóns Vigfússonar, um að honum hafi ólöglega verið vikið frá sem skipstjóra á e/s Sæfelli, V.E. 30, síðast í júní 1946 og af frávikningunni leiði skyldu fyrir h/f Sæfell til skaðabótageiðslu til handa stefnanda.

Verður upphæð skaðabótanna eigi ákveðin hér á þessu stigi málsins, en tilskilinn réttur til að ræða síðar um kröfuupphæð og annað, er hana varðar.

Málskostnaður hefur eigi verið krafizt, og fellur hann niður.

Dómur hefur eigi verið kveðinn upp fyrr vegna embættisanna dómsformanns.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h/f Sæfell, Vestmannaeyjum, telst skaðabótaskyldt gagnvart stefnanda, Guðjóni Vigfússyni, vegna ólöglegrar og fyrirvaralausrar frávikningar hans úr skiprúmi sem skipstjóra á e/s Sæfelli, V.E. 30, sumarið 1946.

Málskostnaður fellur niður.